

Ed.

506. Breytingartillögur

[176. mál]

við frv. til laga um Atvinnuöfnunarsjóð og brtt. á þskj. 512.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (KK og HB).

1. Við 1. gr. 2. málgr. orðist svo:

Hlutverk Atvinnuöfnunarsjóðs er að veita lán og styrki til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem brýn þörf er fjölbreyttara atvinnu- og athafnalífs og skilyrði eru til arðbærra framkvæmda, er séu til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir, að björgulegar byggðir eða byggðarhlutar fari í eyði.

2. Við 3. gr. — a-liður greinarinnar orðist svo:

2% af árlegum heildartekjum ríkissjóðs, í fyrsta sinn 1967, og miðist framlagið hvert ár við tekjurnar, eins og þær voru áætlaðar samkv. fjárlögum næstliðins árs.

3. Við 6. gr.

a. Orðið „styrkja“ í 3. másl. 2. tölul. brtt. 512 verði: styðja.

b. Fyrri hluti síðustu málsgreinar orðist þannig:

Atvinnuöfnunarsjóði er heimilt að taka lán hjá Framkvæmdasjóði ríkisins, ef hann skortir eigið fé, sem nauðsyn krefur til viðbótar lánveitingum annarra stofnlánasjóða, til þess að stuðla að framgangi framkvæmdaáætlana samkv. þessari grein. Er sjóðnum jafnframt í þessu skyni heimilt að taka erlend lán allt að 300 millj. króna, hvort heldur er beint, — og er þá heimilt að veita sérstaka ríkisábyrgð fyrir þeim lánnum, — eða fyrir milligöngu Framkvæmdasjóðs ríkisins. Lánsfé má sjóðurinn eingöngu verja til framkvæmda, sem að mati stjórnar hans tryggja vel endurgreiðslu lánsfjárins, nema o. s. frv. (eins og áframhald greinarinnar í frv. hljóðar).

4. Aftan við frumvarpið komi svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn Atvinnuöfnunarsjóðs skal þegar eftir gildistöku laga þessara gera með aðstoð Efnahagsstofnunar ríkisins bráðabirgðaáætlun um sérstaka skyndiástoð við byggðarlög eða byggðarhluta, sem eru í bráðri hættu fyrir því að fara í eyði, eða dragast ört aftur úr því, sem almennt gerist, nema þeim komi stuðningur við aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, enda séu þar viðunandi atvinnuskilyrði frá náttúrunnar hendi til lands eða sjávar. Leitað skal — eftir því sem við á og þurfa þykir — álits Landnáms ríkisins, Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands um úrræði á hverjum stað.

Til framkvæmda bráðabirgðaáætluninni er stjórn sjóðsins heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum allt að þriðjungu tekna hans til ársloka 1968. Framlöggin skulu veitt sveitar- og sýslufélögum með fyrirmælum, sem sjóðstjórnin setur um notkun þeirra.